

FNJÖSKÁ 1988

Tumi Tómasson

Hólum, maí 1989

VMST-N/89015X



VEIÐIMÁLASTOFNUN - NORÐURLANDSDEILD
Hólum, Hjaltadal, 551 Sauðárkróki.

FNJÓSKÁ 1988

INNGANGUR

Í ágúst 1987 var gerð ítarleg athugun á ástandi seiðastofna Fnjóskár, og voru niðurstöðurnar kynntar í skýrslu (Tumi Tómasson, 1988). Þar kemur fram það álit að tíðarfar hafi mikil áhrif á viðgang laxfiskastofna árinna, og er þar um að ræða frekari staðfestingu á fyrri ályktunum (Jón Kristjánsson 1976, Tumi Tómasson 1976, Ari Teitson pers. uppl).

Í skýrslunni er rakið í stórum dráttum ræktunarstarfið í Fnjóská, veiðin og aldur veiddra laxa greindur út frá hreistursýnum. Olgeir Lútersson á Vatnsleysu, sem er mikill áhugamaður um ræktun Fnjóskár og var í mörg ár formaður veiðifélagsins, hefur komið á framfæri við mig ýmsum leiðréttingum og nýjum upplýsingum um ána. Mér þykir vænt um að hafa fengið þessar ábendingar og biðst velvirðingar á þeirri ónákvæmni sem er í skýrslunni.

Í júlí 1988 voru seiðastofnar árinna aftur athugaðir, og verður greint frá þeim athugunum eftir að gerð hefur verið grein fyrir ræktunarstarfi og veiði í Fnjóská.

RÆKTUNARSTARF OG LAXVEIÐI Í FNJÓSKÁ

Olgeir segir að áin hafi verið leigð Fortesque árið 1937 til tuttugu ára. Það ár sprengdi hann Litlagerðisfossinn og hóf sleppingar á laxakviðpokaseiðum í ána. Árið 1957 tóka bændur aftur við rekstri árinna og hafa leigt hana stangveiðifélaginu "Flúðir" á Akureyri síðan 1969.

Seiðasleppingar voru litlar framanaf, því ekki var auðvelt að fá seiði, en frá 1963 voru sleppingar nokkuð árvissar og eru gefnar upp í Töflu 1. Það ár var í síðasta skipti sleppt í ána kviðpokaseiðum, en síðan hafa öll sleppiseiði verið alin í mislangan tíma fyrir sleppingu.

Skýrslur um laxveiði eru gloppóttar framanaf, en líklega hefur laxveiðin verið mjög dræm á þeim árum sem Fortesque var með ána. Samkvæmt upplýsingum Olgeirs mun Fortesque hafa verið orðinn vantrúaður á að áin gæti orðið góð laxveiðiá, en taldi möguleika hennar sem bleikjuá betri.

Í Töflu 2 er samantekt á þeim veiðiskýrslum sem til eru á Veiðimálastofun. Þar sést að laxveiðin fer að fara uppávið uppúr 1967, sem gæti tengst því að smáseiðasleppingar hófust 1963 (Tafla 1). Árið 1970 óx veiðin enn um "eitt þrep" sem mætti einnig rekja til aukningar í smáseiðasleppingum 1966. Það má jafnframt ætla að laxinn hafi á þessum árum verið að nema ný svæði í ánni og því hafi náttúruleg framleiðsla einnig verið að aukast.

Smáseiðasleppingum var hætt í bili 1969 og áhrifa fyrri sleppinga munu líklega hafa hætt að gæta um 1974, en veiðin helst samt nokkuð jöfn uppúr því. Gönguseiðasleppingar hófust 1969 og voru árvissar í rúman áratug. Ég efast mjög um að þær hafi haft mikil áhrif. Þótt það hafi vissulega verið rangt að álykta svo útfrá aldursgreiningu hreistursýna sem tekin voru 1983-1987 (Tumi Tómasson, 1988). Fyrstu árin voru seiðin líklega léleg, og á miðju tímabilinu er farið að framleiða gönguseiði á einu ári í stað tveggja áður, og það er ekki fyrr en á allra síðustu árum sem gönguseiðaframleiðslan virðist hafa náð þeim gæðum að hægt sé að búast við árangri af sleppingum gönguseiða. Þó getur vel verið að heimtur hafi orðið sámilegar í einstaka árum.

Smáseiðasleppingar 1975 ættu að fara að skila árangri sem smálax 1978, en það ár varð mikil veiðiaukning í ánni, einkum af stórlaxi. Hafi sleppingarnar 1975 og 1976 skilað árangri er ljóst að hún kom fram á þeim tíma þegar uppsveifla var í náttúrulegri framleiðslu. Reyndar var mjög góð veiði í flestum laxveiðiám á Norðurlandi árin 1978-1981.

Vorið 1979 var mjög kalt og það ár hafa mjög fá gönguseiði yfirgefið Fnjóská. Seiðin biðu í ánni og framleiðsla tveggja ára gekk út 1980, sem kom fram í góðri smálaxaveiði 1981 og stórlaxaveiði 1982 (Tafla 2). Síðan 1980 hefur gönguseiðaframleiðsla Fnjóskár ávalt verið lítil. Aukning sem verður í smálaxi 1985 og stórlaxi ári síðar má aftur rekja til að stærstu seiðin hafi ekki gengið út í kalda sumrinu 1983 og því hafi þarna verið á ferðinni uppsöfnuð framleiðsla tveggja ára.

Veruleg minnkun í laxgengd uppúr 1980 tel ég að megi fyrst og fremst rekja til kölda árunna 1979, 1981 og 1983, og styðja athuganir sem Ari Teitsson gerði á seiðastofnum árinna fram til 1986 þessa ályktun (Ari Teitsson pers. uppl). Á þeim tíma átti laxaklak erfitt uppdráttar í ánni og bleikjan hefur náð undirtökunum í samkeppninni um pláss og fæðu. Á þessum árum hefði líklega verið til bóta að sleppa laxaseiðum í ána.

ATHUGANIR Á SEIÐASTOFNUM 1988

Þann 19. júlí voru seiðastofnar árinna athugaðir með rafveiðum. Veitt var á 10 stöðum og var leitast við að veiða á sem næst sömu stöðum og árið á undan. Þó var ekki veitt á tveimur fremstu stöðunum (1 og 2) og ekki heldur á stað 8 (fyrir ofan þjóðvegsbrúna). Þá var veitt á einum nýjum stað, í kvísl við Hjarðarholt (staður 10b). Rafveiðistaðirnir eru merktir inn á kort (Mynd 1).

Niðurstöður rafveiðanna eru settar fram í Töflu 3 og á Myndum 2 og 3. Bleikja er enn ríkjandi tegund í efri hluta árinna, en neðar hefur laxaseiðum fjölgað hlutfallslega mikið.

Á fremstu stöðunum er nær eingöngu að finna seiði úr sleppingunni 1987 og eru seiðin á stað 5 enn áberandi minnst, enda sleppt mjög þétt (Tumi Tómasson, 1988).

Á stöðum 9 og 10, þar sem mest veiddist af laxaseiðum í fyrra, var botninn allur upprifinn eftir mikla ruðninga og þar var nú mjög lítið af seiðum. Líklega hafa þarna orðið töluverð afföll.

Það vekur athygli að á nánast öllum veiðistöðunum frá Mörk (staður 7) og niðurúr, fundust náttúruleg 1+ seiði, þ.e. seiði sem klöktust úr hrogni vorið 1978. Þessi seiði voru einkum í töluverðu magni á neðstu stöðunum. Í rafveiðunum 1978 fundust engin seiði af þessum árgangi, en þá hafa þau ekki verið farin að dreifa sér að nokkru ráði frá hrygningarstöðunum. Þessi árgangur er í raun fyrsta batamerki árinna, eftir mikla lögð undanfarandi ára.

UMRÆÐA OG ÁLYKTANIR

Þótt hrygning laxa hafi tekist vel haustið 1986, er þess enn langt að bíða þar til aukningar má vænta í náttúrulegri gönguseiðaframleiðslu árinna. Smáseiðasleppingar munu heldur ekki skila sér á allra næstu árum. Því má búast við að laxveiðin verði áfram í lögð, a.m.k. til ársins 1991 eða 1992, nema því aðeins að gönguseiðasleppingar fari að skila árangri.

Heimtur úr gönguseiðasleppingum norðanlands urðu alment mun betri sumarið 1988 (slepping 1987) en áður hefur þekkt og er vonandi að það hafi ekki verið tilviljun. Mér virtist aðstæða til gönguseiðasleppinga sem gerð var við Fnjóská s.l. sumar vera í öllum aðalatriðum góð og vil endilega að í sumar verði safnað hreistursýnum til að hægt sé að meta árangur sleppingarinnar.

Sumarið 1988 var sleppt 8000 smáseiðum fyrir framan Illugastaði og var þeim dreift með landinu að vestan. Í sumar tel ég að sleppa ætti svipuðu magni aftur og á sömu stöðum, en nú við austurbakkann. Ekki ætti að sleppa seiðunum þéttar en einu á hvern lengdarmetra.

HEIMILDIR

Jón Kristjánsson, 1976. Rannsóknir á Eyjafjarðará og Fnjóská 1975. Skýrsla Veiðimálastofnunar, 6 bls.

Tumi Tómasson, 1976. Athugun á Fnjóská 26-27/7 1976. Skýrsla Veiðimálastofnunar, 3 bls.

Tumi Tómasson, 1988. Fnjóská 1987. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-N/88004, 9 bls.

Tafla 1. Laxaseiðasleppingar í Fnjóská 1963-1988.
(Upplýsingar fengnar hjá Olgeiri Lúterssyni).

Ár	Fjöldi slepptra gönguseiða	Fjöldi slepptra smáseiða
1963*	-	3000
1964	-	3000
1965	-	3000
1966	-	10000
1967	-	10000
1968	-	10000
1969	3500	-
1970	3500	-
1971	4000	-
1972	6000	-
1973	8500	-
1974	4500	-
1975	3500	10000
1976	5000	10000
1977	2000	-
1978	2000	-
1979	1300	-
1980	-	1300
1981	-	2000
1982	-	-
1983	-	-
1984	-	-
1985	-	-
1986	-	-
1987	2000	9000
1988	2000	8000

* Árið 1963 var einnig sleppt 12000 kviðpokaseiðum.


Tafla 2. Laxveiði í Fnjóská, samkvæmt skýrslum Veiðimála-
stofnunar, skipt eftir sjávaraldri laxanna.

Ár	Smálax	Stórlax	Samtals	
1959	10	10	20	
1960	13	19	32	
1961	-	-	-	upplýsingar vantar
1962	-	-	-	upplýsingar vantar
1963	-	-	-	upplýsingar vantar
1964	-	-	115	þyngdardreifingu vantar
1965	30	16	46	
1966	-	-	61	þyngdardreifingu vantar
1967	42	102	144	
1968	-	-	180	þyngdardreifingu vantar
1969	103	92	195	
1970	55	234	289	
1971	95	198	293	
1972	111	152	263	
1973	105	180	285	
1974	142	244	386	
1975	106	162	268	
1976	62	188	250	
1977	129	144	237	
1978	156	398	554	
1979	195	251	446	
1980	17	508	525	
1981	205	52	257	
1982	34	289	323	
1983	60	38	98	
1984	4	103	107	
1985	108	12	120	
1986	20	124	144	
1987	46	47	93	
1988	67	56	123	


Tafla 3. Fjöldi veiddra seiða á hverja 100 m eftir tegundum
og aldri í rafveiðum í Fnjóská 19. júlí 1988.

Staður nr	Stærð veiðisv m	Lax			Bleikja			Urriði	
		1+	2+	3+/4+	0+	1+	2+	1+	2+
3	30x10	0.3	-	-	0.7	1.3	-	-	0.3
4	30x10	1.0	-	0.3	-	4.7	-	-	-
5	40x10	2.2	-	-	1.7	6.7	-	-	-
6	30x10	0.3	-	-	0.3	5.0	-	-	-
7	50x10	1.6	-	-	2.2	6.0	0.4	0.2	-
9	40x15	0.5	-	1.0	3.7	1.8	-	-	-
10	40x5	-	0.5	0.5	-	0.5	-	-	-
10a	30x12	8.3	0.8	1.9	3.6	2.2	-	0.3	-
11	40x7	7.5	-	0.4	5.0	5.4	0.7	0.4	-
12	35x7	7.9	-	-	0.4	2.9	0.8	-	-

FJÖLDI



Mynd 2. Lengdar- og aldursdreifing laxaseiða sem veiddar á mismunandi stöðum í Fnjóská 19. júlí 1988.



Mynd 3. Lengdar- og aldursdreifing bleikjuseiða sem veiddust á mismunandi stöðum í Fnjóská 19.júlí 1988.